

Óttar Kjartansson:

## Mjór er mikils vísir

Fæðing Tölvumála árið 1976

Skýrslutæknifélag Íslands er þrjátíu ára um þessar mundir [þ.e. í apríl 1998] og í liðlega tvo áratugi hefur það gefið út málgagn, fréttabréfið Tölvumál, sem nú ber undirtitilinn Tímarit Skýrslutæknifélags Íslands, og stendur vel undir nafni.

Fyrsta tölublað Tölvumála kom út í nóvember 1976. Þá skipuðu aðalstjórn Skýrslutækni-félagsins þeir Einar Pálsson (1929-1977), formaður, dr. Oddur Benediktsson, varaformaður, Óttar Kjartansson, ritari, Árni H. Bjarnason, féhirðir, Ásgeir Thoroddsem, skjalavörður og Þórður Jónsson, meðstjórnandi.

Á þessum árum fólst starfsemi félagsins aðallega í því að efna til mánaðarlegra félagsfunda yfir vetrarmánuðina og rækta tengsl við sambærileg erlend félög að ógleymsdu starfi orðanefndarinnar – sem er ein elsta og merkasta stofnun félagsins.



Upphaflegum tilgangi félagsins með útgáfu Tölvumála er einna best lýst með kynningu þeirra í fyrsta tölublaðinu, sem var vélritaður einblöðungur í stærðinni A4. Upphafsgreinin hljóðaði svo: “Skýrslutæknifélagið sendir nú félagsmönnum fyrsta tölublaðið af félagsbréfi, sem hlotið hefur nafnið Tölvumál.

*Tölvumál koma í stað eldra forms á fundarboðum og öðrum tilkynningum til félagsmanna. Auk þess er vonast til að þau geti orðið vettvangur umræðu og fróðleiks á sviði félagsmála og tölvutækni. Vel væri, ef félagsmenn legðu til efni eða gæfu ritnefndinni gagnlegar bendingar í því sambandi. Framtíð þessarar útgáfu er mjög undir viðtökum og áhuga félagsmanna komin. Tölvumál fara ekki geyst af stað. Vonandi segir það þó ekki alla sögu um framhaldið. Ef til vill á hér eftir að sannast að mjór er mikils vísir.”*

Það verður þó að segjast eins og er að helsti hvatinn að því að stofna Tölvumál á sínum tíma var einfaldlega fjárhagslegs eðlis. Þannig var, og mun enn gilda [1998], að með því að skrá Tölvumálin sem tímarit hjá Pósti og síma mátti lækka pósthúðargjöld svo um munaði. Auk þess varð að því bæði sparnaður og hagræði að þurfa ekki að frímerkja sendinguna og umslög urðu óþörf. En auðvitað var mönnum einnig ljóst að hér gat verið fæddur vísir að öðru og meira, eins og raunin hefur á orðið.

Fyrstu ritnefnd Tölvumála skipuðu; sá er þetta ritari, sem var ábyrgðarmaður, dr. Oddur Benediktsson og Grétar Snær Hjartarson. Ég var þá starfsmaður Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar (nú Skýrr hf.) og var leyft að sinna verkefnum fyrir Skýrslutæknifélagið í vinnutímanu. Með þeim hætti studdu Skýrsluvélar við bakið á Skýrslutæknifélaginu á upphafsárunum.

Hér verð ég að fá að skjóta því inn, að nokkru eftir að Hjörleifur Hjörleifsson (1906-1979), þá fjármálastjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur og stjórnarmaður Skýrsluvéla, hafði stofnað Skýrslutæknifélagið árið 1968, fór hann að leita til mín (hæg heimatökin) varðandi snúninga í þágu félagsins, svo sem undirbúning félagsfunda og þ.h. Þannig varð ég snemma einskonar “alt mugligt mand” félagsins og það var því einfaldlega hagkvæm ráðstöfun stjórnar félagsins að gera mig að ritnefndarmanni Tölvumála þegar þar að kom.

Það fór ekki mikið fyrir skrifstofu- og ritstjórnaraðstöðu Skýrslutæknifélagsins fyrstu árin. Setning og umbrot málgagnsins var unnið á ritvél, sem ábyrgðarmaðurinn hafði til umræða, því árið 1976 var ritvinnsla ekki komin til skjalanna. Það var sem sagt mitt hlutverk all mörg

fyrstu árin að safna efni til blaðsins og vinna það. Ritnefndin var ávallt kölluð saman þegar efni næsta blað lá fyrir í aðalatriðum. Síðan var blaðið fjölritað eftir vélrituðu handritinu, límmiðar áritaðir með nöfnum og heimilisföngum viðtakenda, þeim tyllt á blaðið til útsendingar og því svo komið í póst. Einfaldara gat það naumast verið – né ódýrara.


Efni Tölvumála og framsetning tók fljótlega á sig nokkuð fasta mynd. Hvert nýtt tölublað flutti mönnum fundarboð, en félagsfundir voru þá oftast haldnir í Norræna húsinu. Þá var að jafnaði gerð í blaðinu grein fyrir síðasta fundi sem haldinn hafði verið. Loks var blaðið auðvitað sjálfsagður vettvangur fyrir tilkynningar frá stjórn eða embættismönnum félagsins til félagsmanna, sbr. þessa, sem hér fer á eftir, frá féhirðinum, Árna H. Bjarnasyni, sem birtist í 1. tbl. 2. árg í janúar 1977:

INNHEIMTA FÉLAGSGJALDA


Gjaldkerinn hefur beðið TÖLVUMÁL að "skjóta" því að félagsmönnum, að nú hafa verið sendir út giróseðlar v/innheimtu félagsgjalda fyrir árið 1976.

Þar sem innheimtan er í seinna lagi á ferðinni, er það ákaflega vel þegið, að menn greiði gjöldin hið fyrsta.

Raunar skal það tekið skýrt fram og þakkað margfaldlega, að nú þegar hafa margir (flestir) gert góð skil á gjöldunum. En svona litlir reikningar, eins og giróseðlarnir frá félaginu eru, geta jú auðveldlega grafist innan um önnur stærri skjöl á borðshorninu og gleymst þar.





Meðal annars efnis í Tölvumálum allra fyrstu árin má nefna að félagatal (fulltrúatal) Skýrslutæknifélagsins var birt í blaðinu í febrúar 1977. Þá voru í félaginu 246 skráðir fulltrúar. Skýrslutæknifélagið ræktaði eins og áður segir tengsl við önnur sambærileg erlend félög, einkum á hinum Norðurlöndunum, og í blaðinu var sagt frá samstarfi og gögnum sem frá þeim bárust. Meðal þess voru t.d. kynningar- og skráningargögn fyrir fundi, námskeið og ráðstefnur, sem ætla mátti að menn hérlendis kynnu að hafa hug á að sækja. Orðanefnd félagsins hóf að birta pistla í blaðinu 1978 og það ár birtist merk grein eftir Baldur Jónsson "Um orðanefndir". Snemma var farið að birta erindi eða fyrirlestra sem fluttir voru á fundum félagsins. Hið fyrsta af því tagi var erindi dr. Jóns Þórhallssonar "Centralisering – Decentralisering", sem hann flutti á fundi á félagsfundum í nóvember 1976 og næst í röðinni var erindi Magnúsar Thoroddsen, borgardómara "Verndun einkalífs gegn upplýsingatölvum (Databönkum)" sem hann flutti í mars 1977. Í maí 1977 flutti Jónann Gunnarsson vel unnið og fróðlegt erindi á félagsfundum "Um letur og lyklaborð" og það var birt í Tölvumálum í október sama ár. Svona mætti áfram telja. Bréf bárust til ritnefndarinnar af og til, sem voru birt, og borið gat við að menn ættu í ritdeilum eða körpuðu um eitt eða annað og þá var gaman að lifa.



Árið 1982 var broti Tölvumála breytt og þau heft í kápu. Með þeirri breytingu nágaðist útlit þeirra yfirbragð “alvöru” tímarits. Um þær mundir gaf ég gömlu ritvélinni frí og hóf að vinna blaðið í ritvinnslu.

Hér verður þessi saga ekki rakin lengra, en geta má þess að leitast var við að hafa léttan blæ yfir blaðinu og stundum voru í því skyni og til uppfyllingar birtar skrítlumyndir sem oftast voru “fengnar að láni” úr erlendum blöðum eða tímaritum.



Ég sat í ritstjórn Tölvumála til 1983 eða í um sjö ár. Þessi frumbýlingsár blaðsins voru bæði skemmtileg og lærdómsrík. Ég skulda þeim mönnum þakkið sem ég starfaði með í stjórn Skýrslutæknifélagsins og þá ekki síður samstarfsmönnum í ritnefndinni þeim Oddi Benediktssyni, Grétari Snæ Hjartarsyni og svo Sigurjóni Péturssyni, sem tók sæti Odds í nefndinni, þegar hinn síðarnefndi varð formaður félagsins árið 1979. Þeim þakka ég, þótt um síðir sé, ánægjulegt og lærdómsríkt samstarf.

Áður birt í Tölvumálum 3. tbl. 23. árg. 1998. Hér yfirlesið og vikið til orði á stöku stað. – ók.